



Krístrún Lind Birgisdóttir

Allt frá stofnun **Ásgarðs skólaráðgjafar** hefur efling gæðastarfs í grunnskólum verið kjarni og tilgangur starfsins. Þess vegna höfum við þróað verkfæri sem við köllum námsvísa. Reynsla okkar, bæði í skólaráðgjöfinni og síðar í **Ásgarðsskóla, skóla í skýjunum**, sýnir að námsvísarnir eru lykiltæki til að efla gæðastarf í grunnskólum. Í þessari grein er útskýrt hvað námsvísar eru, hver tilgangur þeirra er og hvernig þeir hafa reynst í skólastarfi.

Um Ásgarð skólaráðgjöf og Ásgarðsskóla, skóla í skýjunum

Ásgarður skólaráðgjöf er íslenskt ráðgjafarfyrtæki sem hefur starfað frá árinu 2017. Sérfræðingar Ásgarðs veita sérhæfða þjónustu fyrir menntastofnanir, allt frá leikskólum upp í framhaldsskóla. Markmið skólaráðgjafarinnar er að styðja við uppbyggingu, nýsköpun og umbætur í skólastarfi og að skapa hvetjandi menntunarumhverfi fyrir börn og ungmenni.

Stofnun **Ásgarðsskóla, skóla í skýjunum** má rekja til ársins 2017 þegar skólaráðgjafarþjónustan Ásgarður hóf fjarkennslu á grunnskólastigi. Tilgangurinn var fyrst og fremst að koma til móts við nemendur sem af ýmsum ástæðum áttu erfitt með að sækja hefðbundinn skóla og veita þeim aðgang að fjölbreyttu námi, menntuðum kennurum og félagslegum samskiptum við jafnaldra.

Ásgarðsskóli, skóli í skýjunum tók formlega til starfa árið 2021 sem grunnskóli á unglingastigi. Frá byrjun hefur verið lögð áhersla á gæðastarf, nútímalega starfshætti, lykilhæfni, nemendalýðræði og 21. aldar færni svo sem upplýsinga- og tæknilæsi, gagnrýna hugsun, lausnaleit, samskiptahæfni, sköpun og frumkvæði. (Guðrún Gyða Franklín, 2023, bls. 8) og skapa þannig fyrirmyndargrunnskóla sem mætir öllum nemendum þar sem þeir standa.

Ásgarður heldur úti **hlaðvarpi** þar sem fjallað er um menntamál. Yfirskrift hlaðvarpsins er *Vitundarvakning um gæðastarf í menntamálum*. Eins og yfirskriftin bendir til þá er lögð rík áhersla á gæðamál í þáttum hlaðvarpsins. Þáttum hlaðvarpsins er ætlað að efla skilning kennara, stjórnenda, stjórnmalafólks, foreldra og annarra á menntamálum, menntastefnu ríkisins og leiðum til að framfylgja henni. Í þáttum nr. 25 og 26 frá maí 2025 er fjallað ítarlega um námsvísa og hvernig þeir hafa verið þróaðir í Ásgarðsskóla.

Hvað er námsvísir?

Námsvísir er heildaráætlun í nám fyrir tiltekið tímabil, þar sem fram koma markmið námsins, viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfellu í námi nemenda (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022). Lykilatriði er að markmiðin séu sýnileg og kynnt nemendum og foreldrum. Hugmyndina fengum við upphaflega frá IB-skólunum ([sjá hér](#)) en höfum útfært hana og þróað með hliðsjón af reynslu okkar í samstarfi við þá skóla sem við höfum verið að vinna með. Námsvísarnir byggja á grunnþáttum menntunar og hæfniviðmiðum eins og þessir þættir eru skilgreindir í aðalnámskrá og taka jafnframt mið af menntastefnu viðkomandi sveitarfélags. Segja má að námsvísunum sé ætlað að brúa bilið á milli löggjafar og opinberrar stefnu og hins daglega skólastarfs. Reynsla okkar sýnir að vandaðir námsvísar geta stutt við námið alla skólagönguna, veitt heildræna sýn á uppbyggingu námsins, skapað grunn fyrir markvissa og fjölbreytta kennslu og námsmat og stuðlað að dýpri skilningi allra í skólasamfélaginu. Reynsla skólastjóra af notkun námsvísa ([sjá síðar](#)) styður þetta.

Sex námstímabil sem byggja á grunnþáttum menntunar

Sérfræðingar Ásgarðs skólaráðgjafar hafa allt frá stofnun unnið með skólum að margs konar umbótum svo sem innleiðingu menntastefnu og skipulagi og framkvæmd gæðanáms á fjölbreyttan hátt. Námsvísar hafa frá upphafi verið lykilverkfæri í því ferli og ráðgjöfin hefur meðal annars falist í því að leiðbeina skólum við gerð þeirra. Gerð vandaðra námsvísa getur verið flókið og tímafrekt verkefni en þeim er ætlað að svara spurningum um *hvað nemendur eigi að læra, hvers vegna og hvernig námið er skipulagt*. Þegar leitast er við að svara þessum spurningum er mikilvægt að íhuga grunnþætti menntunar, lykilhæfni og aðra 21. aldar hæfni í samræmi við opinbera menntastefnu á landsvísu og svæðisbundið. Mikilvægt er að horfa á stóru línurnar, hvert er stefnt og hver niðurstaðan á að vera, í stað þess að taka mið til dæmis af bókunum sem hafa „alltaf verið kenndar“ í fjórða bekk. Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir hvaða nýju þekkingu þeir vilja miðla til nemenda og hvernig hún tengist fyrri þekkingu, reynslu þeirra og færni. Stefnan á að vera að skapa heildstætt, faglegt nám sem byggir á rannsóknum og gögnum, þar sem nemendur geta stöðugt bætt við

sig þekkingu og færni, gert tilraunir, endurmetið og unnið aftur.

Við þróun námsvísa hafa sérfræðingar Ásgarðs skólaráðgjafar frá upphafi gert ráð fyrir að skólaárinu sé skipt í sex tímabil sem við köllum spannr eða lotur. Reynslan hefur kennt okkur að spannskípulagið eykur fyrirsjáanleika og hjálpar nemendum að skipuleggja vinnu sína. Hver spönn er nægilega löng til að nemendur geti farið djúpt í efnið sem fengist er við hverju sinni, en einnig nógu stutt til að nemendum vaxi ekki lengd verkefna í augum. Hver spönn endar á samantekt, námsmati og nemendastýrðum viðtölum.

Á hverri spönn (sex vikna tímabili) er einn grunnþáttur menntunar hafður að leiðarljósi og séð til þess að hann fléttist inn í námsgreinar og kennsluhætti. Hver spönn einkennist gjarnan af ákveðnu þema. Það geta verið mismunandi þemu eftir árgöngum eða skólastigum, eða heildstæð þemu sem allur skólinn tekur þátt í. Þannig er ljóst í námsvísi hvaða áherslur er verið að leggja á hverju tímabili. Helstu markmið eru jafnframt skilgreind og kennsluáætlanir hengdar við.

Þessi skipting skólaársins í sex vikna lotur hefur reynst afar árangursrík að mati bæði kennara og skólastjórnenda. Hún hjálpar nemendum að skilja skipulagningu námsins og gefur kennurum betri yfirsýn yfir hæfniviðmið, námsmarkmið og matsviðmið. Þannig verður námsmatið skilvirkara og markmið námsins yfirstíganlegri.

Útgáfa stuðningsefnis við aðalnámskrá í desember árið 2025 ([sjá hér](#)) kom okkur í Ásgarði ánægjulega á óvart vegna þess að í kaflanum *Umgjörð skóla um nám og kennslu* er mælt með því að nám sé skipulagt í fjögurra til sex vikna tímabilum þar sem kennsla og námsmat samræmast markmiðum hvers tímabils. Tilgangurinn er meðal annars að auðvelda kennurum, nemendum og forsjáraðilum yfirsýn og stuðla að sameiginlegum skilningi á markmiðum og leiðum í námi og kennslu [Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2025]. Þannig samræmast nýlegar leiðbeiningar frá menntamálayfirvöldum því verklagi sem Ásgarður hefur viðhaft frá stofnun skólaþjónustunnar árið 2017.

Reynsla okkar af notkun námsvísa

Það eru komin átta ár síðan sérfræðingar Ásgarðs aðstoðuðu fyrsta skólann við að taka upp námsvísi. Við gerðum okkur snemma grein fyrir því að þeir voru öflugt tæki til skólaþróunar. Við höfum unnið með fjölmörgum skólum að gerð þeirra, þróun og viðhaldi. Sem dæmi má nefna Bíldudalsskóla, Grunnskóla Strandabyggðar, Ásgarðsskóla, Grunnskóla Fjallabyggðar, Reykhólaskóla, Auðarskóla, Grunnskólann í Stykkishólmi og Höfðaskóla.

Helstu gallarnir sem skólastjórnir nefndu voru að mikil vinna fælist í því að búa til námsvísa og að eftirfylgni tengd þeim gæti verið tímafrek, sérstaklega þegar verið er að innleiða þá í skólastarfinu. Þó var tekið fram að námsvísar spari tíma þegar þeir eru orðnir fastur og kunnuglegur liður í skólastarfinu. Einnig var nefnt að það geti verið krefjandi að fá alla kennara með og tryggja að námsvísir sé ekki bara fallett skipulag á blaði heldur lifandi kennsla í framkvæmd. Til þess að svo megi verða þurfa námsvísar að vera raunhæfir og skýrir sem aftur þýðir að það þarf að vanda vel til vinnunnar og vönduð vinna tekur tíma.

Gæðastarf í skólum þarf að vera í stöðugri endurskoðun þar sem áherslan verður að vera á að gera enn betur í dag en í gær. Þegar rætt var um hvernig hægt væri að nýta námsvísa enn betur í framtíðinni snerust svörin að mestu um mikilvægi þess að auka sýnileika námsvísa og efla umræðu um þá í skólastarfinu. Til dæmis með því að auka samræðu milli kennara um framkvæmd þeirra og námsmat, dýpka tenginguna við leiðsagnarnám, efla aðkomu nemenda að eigin markmiðasetningu, einfalda formið og tryggja yfirferð eftir hverja lotu.

Ásgarðsskóli, skóli í skýjunum er systurfyrirtæki *Ásgarðs*. Skólinn hefur valið að nota námsvísa sem verkfæri í skólaþróun frá upphafi og því er komin mikil og góð reynsla af notkun þeirra í skólastarfinu. Í Ásgarðsskóla eru námsvísar meðal annars notaðir til að skipuleggja allt nám út frá grunnþáttum menntunar, hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum og matsviðmiðum. Í námsvísi er einnig gert ráð fyrir því að eftir hverja spönn (sex vikna tímabil) stjórnir hver nemandi viðtali við umsjónarkennara og forsjáraðila þar sem farið er yfir markmið og árangur á spönninni og stefnan tekin fyrir næstu spönn. Þetta skipulag tryggir að fylgst sé skipulega með framförum nemenda og að nemendur og forsjáraðila skilji að hverju er stefnt og hvernig gengur að komast þangað. Þetta skipulag þýðir einnig að verkefnin verða yfirstíganlegri fyrir alla og að nemendur hafi tækifæri til að byrja með hreint borð sex sinnum á ári.

Lokaorð

Reynslan okkar sýnir glögglega að vandaðir námsvísar af þessari tegund eru einn af lykilþáttunum í gæðastarfi grunnskóla. Þó að innleiðing þeirra geti verið nokkuð tímafrek í upphafi sýna svör skólastjóranna að sú vinna skilar sér margfalt til baka þegar skipulagið verður að lifandi skólastarfi þar sem starfsfólk, nemendur og forsjáraðilar hafa góða yfirsýn yfir uppbyggingu og samfellu námsins.

Heimildir

Guðrún Gyða Franklín. (2023). *Út fyrir boxið: hönnunarhugsun og 21. aldar færni. Handbók og verkfærakista fyrir kennara í grunn- og framhaldsskólum*. Nýmennt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Menntamálastofnun.

https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ut_fyrir_boxid_handbok/

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2022). *Gæðastarf í grunnskólum: Matsblöð með viðmiðum fyrir ytra mat á grunnskólum*.

https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Ytra-mat/endurskodun_vidmida_25_november_2022.pdf

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2025). *Frá aðalnámskrá til námsáætlana*. Aðalnámskrá.

<https://www.adalnamskra.is/studningsefni/fra-adalnamskra-til-namsaaetlana>

Um höfund

Krístur Lind Birgisdóttir er frumkvöðull á sviði menntamála á Íslandi sem hefur leitt margvísleg stefnumótunar- og ráðgjafarverkefni fyrir skólastofnanir og sveitarfélög á landsvísi. Hún er stofnandi, eigandi og framkvæmdastjóri *Ásgarðs skólaþjónustu* og *Ásgarðsskóla – skóla í skýjunum*. Krístur heldur að auki úti hlaðvarpinu *Vitundarvakning um gæðastarf í menntamálum*.

SKÓLAÞRÆÐIR
TÍMARIT SAMTARA ÆNDRISÓLS OG SKÓLAÞRÆÐIR

Grein birt 24. ágúst 2026

